

# Starfsmannastefna

## Faxaflóahafna sf.

Stjórn Faxaflóahafna sf. hefur á fundi sínum þann 12. apríl 2019 samþykkt eftirfarandi starfsmannastefnu sem nær til allra sem ráðnir eru til starfa hjá fyrirtækinu. Um launakjör, almenn réttindi og skyldur starfsmanna fer eftir ákvæðum laga, samþykktu, kjarasamningum svo og ráðningarsamningum.

### Markmið.

Markmið Faxaflóahafna sf. í starfsmannamálum er að hafa ávallt á að skipa hæfu starfsfólki, sem býr yfir frumkvæði, vinsamlegu viðmóti og getur veitt góða þjónustu. Starfsmannastefna Faxaflóahafna sf. á að tryggja starfsfólki góða starfsaðstöðu og tryggja því möguleika á að vaxa og dafna í starfi. Faxaflóahafnir sf. munu með starfsmannastefnu þessari leitast við að tryggja að fyrirtækið bjóði starfsfólki upp á góðan vinnustað og að þar þróist fagþekking, verkunnátta og þjónustulund í samræmi við markmið fyrirtækisins. Gott starfsfólk er grunnurinn að vel reкну fyrirtæki. Markmið fyrirtækisins er að hafa yfir að ráða hæfu, vel menntuðu og áhugasömu starfsfólki sem sameiginlega skapar metnaðarfullt og jákvætt vinnuumhverfi. Starfsmannastefnan tekur mið af Jafnréttisstefnu Faxaflóahafna og eru markmið og áætlanir í jafnréttismálum gerð nánari skil þar. Starfsmannastefnu Faxaflóahafna sf. er ætlað að lýsa væntingum stjórnar fyrirtækisins og þeim og þeim kröfum sem stjórnendur og starfsfólk geta gert hvert til annars. Þar vinni allir í sameiningu að því meginhlutverki Faxaflóahafna sf. að vera helsta inn- og útflutningshöfn landsins og alþjóðleg þjónustumiðstöð fyrir flutninga, sjávarútveg, skemmtiferðaskip og aðra hafnsækna starfsemi í Norður – Atlantshafi. Stefnu fyrirtækisins í starfsmannamálum er ætlað að ná fram eftirtöldum markmiðum:

- a) Að til fyrirtækisins ráðist hæft, áhugasamt og traust starfsfólk, sem eigi þess kost að eflast í starfi sínu.
- b) Að á vinnustaðnum sé tryggð góð aðstaða fyrir starfsfólk og lagt kapp á að aðbúnaður og hollustuhættir á vinnustað séu í góðu horfi;
- c) Að gagnkvæmt traust og gott samstarf ríki meðal starfsfólks og milli starfsfólks og stjórnar fyrirtækisins.
- d) Að starfsfólk eigi kost á fræðslu og endurmenntun sem eykur þekkingu þess í starfi.
- e) Að starfsfólk sé vel upplýst um verkefni sín og skyldur svo og um markmið og starfsemi Faxaflóahafna sf.
- g) Að þjónustan fyrirtækisins sé góð að mati þeirra sem þjónustunnar njóta.
- h) Að starfsemi fyrirtækisins sé skilvirk og hagkvæm.
- i) Að valdi, ábyrgð og ákvörðunum sé dreift, þannig að sjálfstæði og frumkvæði starfsmanna sé sem mest.

## Starfsumhverfi.

Faxaflóahafnir sf. hafa þá stefnu:

1. Að starfsfólk sé ánægt með vinnustað sinn, bæði starfsumhverfi og starfsanda og að samhugur, samstarf og gagnkvæm virðing ríki milli einstakra starfsmanna. Viðmót starfsfólks gagnvart hvert öðru verður að mótast af umburðarlyndi, tilhlýðilegri virðingu og jákvæðum anda. Einu sinni á ári á starfsmaður kost á formlegu starfsmannaviðtal með sínum yfirmanni. Starfsviðtöl eru sett fram til að efla starfsþroska og ná árangri í samstarfi á faglegum grunni. Stjórn Faxaflóahafna sf. vill að starfsfólk finni til öryggis og að það hafi innsýn í og áhrif á þróun vinnustaðarins og eigin starfsskilyrði. Ummæli, tjáning eða atferli starfsfólks gagnvart öðru starfsfólki, sem ögrar, truflar, ógnar eða veldur óþægindum er andstæð stefnu fyrirtækisins. Litið verður á slíka hegðun s.s. kynferðilega áreitni og einelti sem alvarlegt brot.
2. Að aðbúnaður, hollustuhættir og öryggi á vinnustöðum starfsfólks sé í sem bestu horfi enda eru það gagnkvæmir hagsmunir að vellíðan og heilbrigði starfsfólks sé haft að leiðarljósi. Starfsfólki er skylt, og þeim gert kleift, að fylgja þeim kröfum sem gerðar eru til þeirra um öryggi og aðgæslu í starfi. Yfirvinnu skal haldið innan hóflegra marka af vinnuverndarástæðum. Faxaflóahafnir sf. vilja stuðla að því að starfsfólk viðhaldi eigin heilsu og heilbrigðum lífnaðarháttum.
3. Að starfsfólk fylgi þeim reglum sem í gildi eru um vinnutíma, starfsskyldur og framkomu eins og þær eru hverju sinni. Starfsfólki ber að hlíta lögmaetum fyrirmælum stjórnenda, sýna heiðarleika, trúmennsku, vandvirkni og gæta þagmælsku um atriði sem þeir verða áskynja í starfi. Starfsfólki ber að gæta þess að framkoma og athafnir samrýmist starfinu sem þeir gegna.
4. Að skapa starfsfólki sínu aðstæður til að samræma kröfur starfs- og fjölskylduábyrgðar eins og kostur er. Starfsmönnum skal gert kleift að minnka starfshlutfall tímabundið vegna fjölskylduábyrgðar, t.d. umönnunar barna og sjúkra á heimili. Starfsmenn skulu eiga kost á sveigjanlegum vinnutíma eftir því sem aðstæður leyfa.
5. Að vinnustaðir fyrirtækisins verði reyklusir og starfsmenn hafi ekki um hönd vímuefni af neinu tagi á vinnutíma. Starfsmönnum sem vilja vinna úr vandamálum sem tengjast misnotkun vímuefna, skal veita leiðbeiningar og aðstoð til þess. Hreinskilin umræða þarf að ríkja um notkun vímuefna þannig að koma megi í veg fyrir þær aðstæður að starfsfólk leiðist út í misnotkun þeirra.

## Ábyrgð og upplýsingar.

1. Það er stefna Faxaflóahafna sf. að treysta starfsfólki fyrir ábyrgð og ákvarðanatöku, þannig að sjálfstæði og frumkvæði þess sé sem mest, en háð góðu samræmingar- og eftirlitskerfi, einkum í fjármálum, verklegum framkvæmdum og starfsmannamálum.

2. Að umboð og ábyrgðarsvið starfsfólks og stjórnar fyrirtækisins sé skýrt. Skýrar og einfaldar reglur eiga að gilda um samskipti, boðleiðir og upplýsingastreymi milli starfsfólks og kjörinnar stjórnar fyrirtækisins á hverjum tíma. Lög og reglugerðir, sem varða starfsmenn, skulu vera öllum aðgengilegar. Gera skal starfslýsingar fyrir öll störf sem starfsmenn eru ráðnir til ótímabundið. Þær skulu gerðar í samráði við þá sem störfunum gegna. Sé um hópa að ræða geta þeir tilnefnt fulltrúa, einn eða fleiri, til að veita nauðsynlegar upplýsingar. Í starfslýsingu skal meginlýsing á ábyrgðarsviði og helstu verkefnum viðkomandi starfsmanns, en einnig um stjórnunarsvið ef við á.
3. Ætlast er til að stjórnendur skapi samkennd meðal starfsmanna sinna og geri þeim grein fyrir markmiðum með starfseminni og einstökum verkefnum. Ennfremur að þeir tileinki sér góða og árangursríka stjórnunarhætti, hafi góða yfirsýn yfir verkefni sitt og samhæfi störf undirmanna sinna svo að markmiðum fyrirtækisins verði náð með sem hagkvæmustum hætti. Stjórnendur eiga að leitast við að hafa samráð við starfsfólk um málefni fyrirtækisins og beita sér fyrir sem viðtækastri sátt um stefnu og starfshætti. Æskilegt er að starfsmannasamtöl fari fram reglubundið þar sem stjórnandi ræðir við hvern starfsmann um vinnuframlag hans og möguleika á þróun í starfi.
4. Upplýsingum skal komið á framfæri þannig að þær séu hvetjandi fyrir starfsfólk, en jafnframt skal tekið tillit til þess trúnaðar sem nauðsynlegur getur verið. Upplýsingar skulu settar fram á skýran og greinargóðan hátt. Stjórnendur bera ábyrgð á að upplýsingamiðlun til starfsfólks sé virk. Allir sem búa yfir upplýsingum, sem nauðsynlegar eru öðrum, bera ábyrgð á að þær berist réttum aðilum. Telji starfsfólk sig skorta upplýsingar er varða störf sín skulu þeir sjálfir afla þeirra hjá réttum aðilum.
5. Formaður hafnarstjórnar og hafnarstjóri annast samskipti við fjölmiðla um stefnumál fyrirtækisins og koma fram fyrir þess hönd. Einstakir starfsmenn sem veita fjölmiðlum upplýsingar um afmörkuð verkefni sem unnið er að, skipakomur, afmarkaðar framkvæmdir eða þess háttar og skulu þeir gera það af fyllstu hlutlægni og gæta þess að réttum og fullnægjandi upplýsingum sé komið áleiðis. Starfsmenn skulu gæta varúðar í notkun samfélagsmiðla um atriði sem varða fyrirtækið og gæta þess að þar sé hvorki fjallað um starfsmenn, fulltrúa í stjórn eða viðskiptavinum né einstakar ákvarðanir stjórnar eða stjórnenda.

## Málefni starfsfólks.

1. Starfsfólk skal almennt ráðið ótímabundinni ráðningu og er gagnkvæmur uppsagnarfrestur samkvæmt gildandi kjarasamningum. Gerður skal skriflegur ráðningarsamningur við allt starfsfólk þar sem fram koma öll þau atriði sem nauðsynleg eru þannig að réttindi og skyldur beggja aðila séu skýr. Allar starfsmannaupplýsingar, s.s. starfsaldur, launakjör, starfsaldur, starfsfetið, námskeið, áunnin réttindi o.fl. skulu vera aðgengilegar hjá launafulltrúa.
2. Við ráðningar í laus störf skulu jafnræðissjónarmið höfð að leiðarljósi auk þeirra krafna að viðkomandi uppfylli sem best þær kröfur sem gerðar eru til starfsins.

Kannað skal í hverju tilfelli hvort tilefni sé til tilfærslu starfsmanns fyrirtækisins í starfið. Við ákvarðanir um ráðningu, stöðuhækkanir eða kaup og kjör skal starfsfólki ekki mismunað vegna kynferðis, trúarskoðana eða stjórnmálaskoðana. Við ráðningu í störf skal ætíð gætt almennra laga og reglna um jafnrétti kynjanna. Næsti yfirmaður skal kynna starfsfólki starfsemi fyrirtækisins og starfsfólki þess.

3. Starfsfólki skal gefast færi á að sækja nauðsynleg námskeið eða endurmenntun sem nýtist því í starfi og stuðlar að starfsþróun. Stjórnendur Faxaflóahafna sf. bera ábyrgð á og samþykkja útgjöld vegna endurmenntunar og fylgjast með að starfsmenn sinni nauðsynlegri endurmenntun.

## Siðareglur starfsfólks.

Stjórn Faxaflóahafna sf. setur fram eftirtaldar siðareglur til leiðbeiningar fyrir starfsfólk um hvað sé við hæfi í starfi:

1. Starfsfólk skal í starfi sínu setja hagsmuni fyrirtækisins ofar sérhagsmunum, hvort heldur er í sínum eigin, einstakra hópa eða fyrirtækja.
2. Stjórnendur, sem taka ákvarðanir eða gera tillögur um ráðningu á starfsfólki, skulu gæta persónulegs hlutleysis í hvívetna og forðast að láta skyldleika, vensl, venskap eða stjórnmálaskoðanir ráða ákvörðun sinni.
3. Starfsfólk sem tekur ákvarðanir um kaup á vörum og þjónustu fyrir hönd Faxaflóahafna sf. skal ávallt gæta hagsmuna fyrirtækisins og persónulegs hlutleysis við val á viðskiptaaðilum. Þeir sem bera ábyrgð á innkaupum eða einstökum verkefnum skulu fylgjast með því að höfninni sé skilað því sem um er samið.
4. Starfsfólki ber að upplýsa viðskiptavini um starfshætti og rekstur Faxaflóahafna sf., en þó skal það gæta trúnaðar gagnvart öllum óviðkomandi um málefni einstaklinga og fyrirtækja er það verður áskynja um í starfi. Starfsmenn skulu hafa í heiðri algjöran trúnað í samskiptum sínum við aðra samstarfsmenn fyrirtækisins.
5. Starfsfólki Faxaflóahafna sf. er óheimilt að stunda starfsemi, taka við starfi í þjónustu annarra samhliða starfi sínu hjá Faxaflóahöfnum sf. eða ganga í stjórn stofnunar eða atvinnufyrirtækis, sem telja má ósamrýmanleg gagnvart starfsemi fyrirtækisins. Rétt er að banna starfsmanni slík störf ef það er síðar leitt í ljós að þau fari ekki saman við starf hans hjá fyrirtækinu.
6. Starfsmönnum er óheimilt að þiggja greiðslur eða viðurgjörning frá viðskiptamönnum sem túlka má sem óviðeigandi eða þóknun fyrir greiða. Leiki vafi í slíku tilviki skal það borið undir hafnarstjóra. Þá er starfsmanni einnig óheimilt að þiggja boð um ferðir, innanlands eða erlendis úr hendi viðskiptaaðila hafnarinnar, nema að eðli ferðarinnar sé tengt hagsmunum fyrirtækisins og fyrir liggja samþykki hafnarstjóra eða stjórnar Faxaflóahafna sf.

## Starfsþróun og launastefna.

Faxaflóahafnir sf. hafa þá stefnu:

1. Að unnið verði markvisst að þróun verkfærni og verkefna hvers starfsmanns um leið og unnið er að því að auka hæfni vinnustaðarins til að takast á við sibreytileg viðfangsefni.
2. Að hjá fyrirtækinu eigi starfsfólk möguleika á starfsframa í samræmi við metnað og kunnáttu. Þannig á starfsfólk að geta þróast í starfi til að geta tekið við nýjum hlutverkum á vinnustað sínum eða öðrum vinnustöðum. Starfsmenn skulu hvattir til að efla fagþekkingu sína í samræmi við breytilegar kröfur sem gerðar eru.
3. Að launakjör laði að hæft starfsfólk. Það er stefna Faxaflóahafna sf. að jafnræði gildi eins og kostur er um almenn ákvæði kjarasamninga þeirra stéttarfélaganna sem starfsmenn eiga aðild að.

## Starfsferill.

Faxaflóahafnir sf. vilja skapa starfsfólki sínu möguleika á samfelldum starfsferli með því að:

1. Taka eftir föngum tillit til breytinga á aldri og persónulegum högum, aukinnar reynslu og menntunar, skertrar starfsgetu og fleiri þátta sem leiða til þarfar einstaklingsins fyrir breytingar.
2. Undirbúa starfsfólk undir tilfærslu í störfum þegar leitað er leiða til hagræðingar í rekstri fyrirtækisins. Tilfærslur milli starfa geta einnig verið ákjósanlegar í þeim tilgangi að ná fram öðrum markmiðum í starfsmannamálum, m.a. með því að skapa starfsmönnum reynslu á nýju sviði eða undirbúa þá undir önnur störf.
3. Óski starfsmaður eftir tilfærslu skal hann leita til viðkomandi yfirmanns. Reynt skal að verða við slíkum óskum ef mögulegt er, einkum hjá þeim sem hafa starfað lengi hjá f og eiga að baki farsælan feril. Ef nauðsyn krefur áskilja Faxaflóahafnir sf. sér einnig rétt til að færa starfsfólk milli starfa á grundvelli gildandi kjarasamninga hverju sinni.

Sú regla gildir gagnvart starfsmönnum Faxaflóahafna sf. að þeir láta af störfum næstu mánaðarmót eftir að þeir hafa ná 70 ára aldri.

## Starfsagi.

Ef starfsmaður hefur sýnt í starfi sínu óstundvísi eða vanrækslu, óvandvirkni, óhlýðni við löglegt boð eða bann yfirmanns síns, verið undir áhrifum áfengis eða fíkniefna í starfi, brotið trúnað eða þagmælsku, eða framkoma hans og athafnir að

öðru leyti verið ósæmileg eða ósamrýmanleg starfinu, er rétt að veita honum skriflega áminningu og gefa honum kost á að bæta ráð sitt.

Starfsmanni má veita lausn frá starfi um stundarsakir fyrir meintar misfellur í starfi í samræmi við ákvæði laga og lausn að fullu ef brot er alvarlegt.

### Fjarvistir.

Starfsfólk Faxaflóahafna sf. skal skrá upphaf og lok viðveru sinnar á vinnustað, fjarvistir vegna veikinda og orlof á vinnuskýrslur eftir þeim reglum sem gilda á hverjum tíma. Stjórnendur skulu yfirfara og staðfesta vinnuskýrslur. Næsta yfirmanni skal gerð grein fyrir fjarvistum starfsmanns og óska skal leyfis hans fyrir tilfallandi fjarvistum. Ef starfsmaður veikist og getur af þeim sökum eigi sótt vinnu, skal hann tilkynna það yfirmanni sínum og skila vottorði læknis þar um enda hafi læknir skoðað viðkomandi á meðan veikindum stendur.

### Samstarf við félag starfsmanna.

Stjórn og stjórnendur Faxaflóahafna sf. hafa þá stefnu að eiga gott samstarf við starfsmannafélag starfsmanna fyrirtækisins og þau stéttarfélög sem gerður er kjarasamningur við. Felst það meðal annars í því að starfsmenn eiga rétt á því að tilnefna áheyrnarfulltrúa á stjórnarfundum fyrirtækisins, framlagi til orlofshúss og styður við ýmis verkefni starfsmanna. Árlega skal hafnarstjóri funda með fulltrúum í stjórn starfsmannafélagsins um atriði sem varðar almennt hagsmuni starfsmanna og starfsemi fyrirtækisins.

Samþykkt í stjórn Faxaflóahafna sf.  
þann 12. apríl 2019.

---

Gísli Gíslason, hafnarstjóri.